




Auglýst eftir umsóknum um styrki úr Hvatasjóði

Háskólinn í Reykjavík auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Hvatasjóði. Sjóðurinn er samstarfsverkefni HR og Landsbankans en hlutverk sjóðsins er að jafna aðgengi að námi við HR með því að styrkja útskrifaða framhaldsskólanemendur, sem eiga sér annað móðurmál en íslensku, til grunnnáms við skólann.

Við stofnun Hvatasjóðs voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna höfð að leiðarljósi, þá sérstaklega fjórða markmiðið; „**Menntun fyrir alla** – tryggja þarf jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms“.

Nútímalegar kennsluaðferðir, verkefnamiðað nám, sterk tengsl við atvinnulífið og þátttaka í rannsóknum er meðal þess sem einkennir nám í HR. Þar er lögð áhersla á góða aðstöðu fyrir nemendur, góð og persónuleg samskipti kennara og nemenda og góða þjónustu.

Við hvetjum öll þau sem hafa annað móðurmál en íslensku og hafa útskrifast úr framhaldsskóla til að kynna sér fjölbreytt námsúrval Háskólans í Reykjavík og til að sækja um styrkinn. Styrkurinn felur í sér niðurfellingu á skólagjöldum og styrk til tölvukaupa.

Umsókn um styrk skal senda á netfangið atvinnulif@ru.is, merkt „Hvatasjóður“.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um styrk:

- Kynningarbréf (hámark 500 orð)
- Meðmælabréf frá kennara eða náms- og starfsráðgjafa skóla umsækjanda
- Yfirlit yfir námsferil

Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2023.